

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 21/2000**

frá 25. febrúar 2000

**um breytingu á XVII. viðauka (Hugve rkaréttindi)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/97 frá 31. júlí 1997⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögverndum hönnunar⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 316, 20.11.1997, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 48, 20.11.1997, bls. 96.
⁽²⁾ Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 28.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9b. **398 L 0071:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB frá 13. október 1998 um lögverndum hönnunar (Stjtið. EB L 289, 28.10.1998, bls. 28).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi komi í stað 15. gr.:

„Réttindi, sem fást með skráningu hönnunarréttar, skulu ekki taka til athafna er lúta að framleiðsluvöru sem er hluti af eða notar hönnun sem fellur undir verndarsvið hönnunarréttarins þegar framleiðsluvaran hefur verið markaðsett í samningsríki af handhafa hönnunarréttarins eða með samþykki hans.““

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/71/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 26. febrúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna. Gildistökudagur: 1.10.2000.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbaso

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner